

Nd.

**132. Frumvarp**

til laga nm Fiskveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútvæg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfnðstóll sjóðsins er:

- I. Eignir hins gamla Fiskveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
- II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.
- III. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, er lög þessi öðlast gildi, og greiðast ríkissjóði árlega 4% vextir af því fé.

IV. Hundradsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóður skiptist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *Skipakaupadeild og rekstrarlánadeild.*

Undir skipakaupadeild fellur fé það, sem talið er í I. og II. lið 2. greinar, en fé eftir III. og IV. fellur undir rekstrarlánadeild, þar til höfuðstóll rekstrarlánadeildar nemur 4 milljónum kr. Úr því skiptist fé samkvæmt IV. lið jafnt milli rekstrarlánadeildar og skipakaupadeildar.

4. gr.

Fé skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

- a. Skipakaupa, allt að 35 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, allt að 50 rúmlesta, ef fé er fyrir hendi.
- b. Stofnsetningar iðjnfyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, ishúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 20000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 20000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema  $\frac{1}{3}$  stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr  $5\frac{1}{2}\%$  og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi skipakaupadeildar greiðir 1% af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn fasteignarveði, allt að  $\frac{2}{3}$  af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
- b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, er eigi sigla til útlanda, og sú skuldbinding hvílir á, að allir hásetar og aðrir skipsmenn skuli einungis ráðnir gegn hlut í afla. Mega lánin nema allt að  $\frac{2}{3}$  virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Lögskráningarstjórar skulu, áður en þeir lögskrá menn á skip, heimta skilríki fyrir því, hvort skuldbinding samkvæmt b-lið 6. greinar hvílir á skipinu, og gæta þess, ef svo er, að skuldbindingunni sé framfylgt.

8. gr.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, allt að 35 rúmlesta, og til fiskimanna, er verka hlut sinn sjálfir og selja. Má veita lán þessi gegn sjálfsvörzluveði í fiskifeng, sem á land er kominn og sem er hæfilega váttryggður, svo og gegn öðru veði, sem stjórn sjóðsins telur tryggt.

Stjórn sjóðsins getur veitt bankaútibúum og tryggum sparisjóðum lán úr rekstrarlánadeild, með þeim skilmálum, að lánunum sé eingöngu varið í þessu skyni, samkvæmt nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Nú er fiskibátur gerður út af samlagsfélagi þeirra, er stunda fiskiveiðar á bátum, og skulu þeir þá sitja fyrir öðrum um lán úr rekstrarlánadeild. Lán úr deild þessari skulu aldrei veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sé lokið á ársfresti, og skulu vextir vera a. m. k.  $\frac{1}{2}\%$  lægri en venjulegir víxilvextir.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Fiskifélag Íslands og starfsmenn þess skulu láta í té umsögn sína og upplýsingar viðvikjandi hverri lánsbeiðni, er stjórn Fiskveiðasjóðs óskar.

11. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

Um sjálfsvörzluveð í fiskifeng fyrir láni úr Fiskveiðasjóði skal nánar tiltekið í reglugerð.

12. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingaverðs fasteignarinnar, að húsin séu váttryggð í váttryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist váttryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

13. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja effirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

#### 14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

#### 15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

#### 16. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávisanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

#### 17. gr.

Í stjórn Fiskveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæzlustjórar. Gæzlustjórar skulu skipaðir til 6 ára og ganga úr þriðja hvert ár til skiptis, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Skal a. m. k. annar gæzlustjórinn hafa sérþekkingu á sjávarútvegi.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka um 500 kr. 3. hvert ár upp í 5000 kr. Gæzlustjórar fá 800 kr. ársþóknun hvor. Dýrtiðaruppbot fá framkvæmdarstjóri og gæzlustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins almennt.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri hann þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

#### 18. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til trygga skjalavörzlu.

Lætur bankinn útibú sín annast útlánsstarfsemina í hinum firnari landshlutum, samkvæmt því, sem stjórn sjóðsins mælir fyrir. Skal útlánsfénu skipt sem jafnast, eftir hátaútgerð í hverjum hluta landsins.

Fyrir störf þessi fær Landsbankinn þóknun, er um semur milli stjórna bankans og sjóðsins. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

#### 19. gr.

Reikningar Fiskveidasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafzt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### 20. gr.

Deildir sjóðsins taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn og starfrækslu sjóðsins. Skipting kostnaðar ákveður sjóðstjórnin, með samþykki ráðherra.

#### 21. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveidasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögnum.

#### 22. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi númerin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveidasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveidasjóð Íslands, svo og önnur fyrir-mæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.

### Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Mál þetta hefir verið rætt á tveim undanförunum þingum, og gerist því eigi þörf að færa rök að nauðsyn lánsstofnunar fyrir hátaútveg landsmanna. Rétt þykir þó að benda á, að það horfir til meira sjálfstæðis innan sjómanna-stéttarinnar sjálfrar, að stutt sé að því, að sem flestir þeir, er stunda fiski á smáskipum, fái betri aðstöðu til þess að eignast sjálfir í félagi þau skip, er þeir stunda á atvinnu sína. Því fleiri fiskimenn, sem geta staðið á eigin fótum í atvinnugrein sinni og sótt til fiskjar á eigin skipum, þess meir vex allri stéttinni þrek og á-

ræði, og eftir því sem fleiri og fleiri fiskimeun eignast sjálfir skip sín, þess síður er bætt við, að kaupdeilur valdi erfðleikum í þjóðlífinu, eða fái jafnvel stöðvað útveginn að meira eða minna leyti nm tíma.

Þar sem svo mikill hluti þjóðarinnar býr nú í kaupþúnum og sjávarþorpum, er að mestu leyti styðjast við útgerð og sjávargagn af smáskipum, þá skiptir eigi litlu, að sú atvinna sé tryggð svo sem bezt má. En meðan sá háttur er á smáskipaútgerðinni, sem algengastur er nm land allt, að einn eða nokkrir örfáir menn geri út alla þá báta, er ganga úr þorpinu, þá verður vart sagt, að atvinna almennings sé þar vel tryggð. Ef allur aðalatvinnurekstur þorps eða kaupþús hvílir á herðum eins eða örfárra manna, er sýnt, að eigi þarf annað en aðalatvinnurekandinn verði fyrir óhappi eða falli skyndilega frá, til þess að mikill hluti þorpsbúa verði, a. m. k. um stundarsakir, sviptur atvinnu sinni. Sú hefir rannin á orðið margsinnis í kaupþúnum og sjávarþorpum landsins, og þarf eigi að eyða orðum að því, hve þetta skapar fjölda manna mikla óvissu nm framtíðarafkomu sína. Þá er enn sýnt, hve þetta öryggisleysi um afkomu mikils hluta þorpsbúanna hefir rýrt veðhæfi allra fasteigna í kaupþúnum og sjávarþorpum landsins. Hver lánsstofnun verður að taka tillit til þess, að þar sem svo á stendur, er ekki nnt að miða veðgildi lóða né húseigna eingöngu við sannvirði eða söluverð á þeim tíma, er veita á lán út á eignina, heldur verður lánsstofnunin víðast hvar að gera sér grein fyrir, hve mikið verðfall sé hugsanlegt á öllum fasteignum kaupþúsins, jafnskjótt sem atvinnurekstur eins eða örfarra stærstu atvinnurekenda þess hallast vernlega. Þannig eru dæmi þess, að lóðir hafa fallið nálega niður í veðgildi þeirra til væktunar, og húseignir jafnvel í niðurrifsverð, fyrir það eitt, að aðalatvinnurekandi þorpsins hefir, vegna óhappa eða forsjarleysis, eigi getað rekið atvinnuna áfram.

Á þetta verður að líta, þegar ræðir nm lánsstofnun fyrir smáskipaútveg landsmanna, að með því að veita sem flestum fiskimönnum aðstöðu til þess að reka atvinnu sína upp á eigin spýtn, þá verða óhöpp eins atvinnurekanda eigi jafntilfinnanleg fyrir atvinnu alls fjöldans og þá er þess frekar kostur fyrir efna-litla dugnaðarmenn að hlaupa í skörðin og halda atvinnu almennings við, þótt einn atvinnurekandi heltist úr lestinni eða falli frá.

Við það hlýtnr atvinnuöryggi almennings að vaxa og jafnframt verður veðgildi allra fasteigna á hverjum stað tryggara og öruggara. En á því byggjast fyrst og fremst möguleikarnir til heilbrigðra framfara, að eignir manna geti talizt svo öruggar, að þær hafi fullt veðgildi, er nota megi til ankens atvinnurekstrar.

Með þetta fyrir augnum þykir sjálfsgagt að styðja smáskipaútveginn með lánsstofnun honum til styrktar.

En til þess að sérstök lánsstofnun fái komið þessum atvinnuvegi að var-anlegum notum, verður einkum að líta á þessi þrjú meginatriði málsins:

1. Að stofnunin fái ódýrt fé til nmráða.
2. Að svo sé nm húið frá byrjun, að stofnun þessi lani einungis gegn nokkurnveginn öruggum tryggingum, svo vænta megi, að henni haldist á fé sínu og eigi séu fyrirfram vituð stórtöp, og
3. Að eigi sé skertur réttur eða atvinnuöryggi fiskimannanna sjálfra, frá því sem nú er eða tíðkast í alþjóðalöggjöf.

Öll þessi þrjú meginatriði eru erfið úrlausnar, eigi sízt, þegar litið er á hagi þjóðarinnar yfirleitt.

Skal nú vikið að hverjn þessara atriða fyrir sig.

## I.

Til þess að fá ódýrt fé til nmráða í þessu skyni, hefir að nndanförnu verið bent á tvær leiðir. Hin fyrri er sú, að rikissjóður leggi fram, a. m. k. um sinn, nokkra fjárhæð árlega, til viðbótar eignum Fiskveiðasjóðsins, stofnuninni til styrktar. Og þótt rikissjóðurinn virðist eigi að jafnaði aflögnfær, verður að telja það óhjákvæmilegt að fara þessa leið. Hér er því lagt til, að rikissjóður leggi stofnuninni til  $1\frac{1}{2}$  milljón kr. sem stofnfé. Er ætlað til, að  $\frac{2}{3}$  hlutar þess fjár verði beint framlag, er stofnunin fái vaxtalaust, en  $\frac{1}{3}$  hluti þess, eða  $\frac{1}{2}$  milljón, sé fenginn stofnuninni til nmráða gegn 4% vöxtum.

Hinsvegar er um tramlag einnar milljónar sett það ákvæði, að það verði samningsatriði milli rikisstjórnarinnar og stjórnar lánsstofnunarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en henni skuli þó að fulln verða lokið 1. júní 1941. Er þetta ákvæði í fulln samræmi við 2. lið 2. greinar laga nr. 17, 13. júní 1925, um Rækttnarsjóð Íslands, er hefir að geyma samskonar ákvæði um  $\frac{1}{4}$  milljónar króna framlag rikissjóðs til Rækttnarsjóðsins. Er enn hin sama ástæða sem þá til að miða árlegt framlag rikissjóðs við afkomu hans og getu hvert ár. En auk þess virðist heppilegt, ef unnt væri að miða árlegt framlag rikissjóðsins að nokkrum við eftirspurnir eftir lánnum á hverjum tíma, er jafnan hljóta að vera nokknu mismunandi frá ári til árs, eftir horfum um útgerð og afurðasölu.

Hin önnur leið, sem bent hefir verið á til lánsfjáröflunar handa stofnun þessari, er, að stofnunin gefi út vaxtabréf. Sú leið mundi vera fær, ef hún væri ekki þegar oftroðin. Veðdeild Landsbankans hefir nú úti átta flokka af vaxtabréfum. Rækttnarsjóðurinn gefur út vaxtabréf. Landbúnaðarbankinn gefur auk þess út vaxtabréf fyrir bústofnlánadeild og sérstaka veðdeild. Og þar sem sala þessara vaxtabréfa verður að allmiklu leyti að miðast við kaupgetu einstaklinga innanlands og kaupgetu rikissjóðs, með sérstakri lantöku í hvert sinn, þá virðist hér þegar nægilega oft soðin súpan af sama kjötbitanum. Auk þess mun verða að teljast viðurhlutamikil að setja hömlur á sölu vaxtabréfa, sem gefin eru út með ábyrgð bæjar- eða sýslufélaga, og þar sem þegar er farið að gefa út þesskonar bréf með hærri vöxtum en áður hefir tíðkæzt, þá er a. m. k. fullkomin tvísýna á, að útgáfa nýrra vaxtabréfa verði svo haldgóð úrræði til lánsfjáröflunar í þessu skyni sem til er ætlað. Sölu vaxtabréfa, slíkra sem þessara, mun vart að treysta erlendis, einkum þar sem reynsla samskonar lánsstofnana erlendra hefir orðið misjöfn, t. d. fiskveiðabankans norska.

Ný vaxtabréfaútgáfa, fram yfir þá, sem þegar er gert ráð fyrir í lögum, mundi draga úr kaupum vaxtabréfa veðdeildanna og Landbúnaðarbankans. Og ef útgáfa nýrra bréfa á ekki að verða til vernlegrar skerðingar á innlögm í bönkum og sparisjóðum, sem eru þó hugar mikilsverðustu lánsstofnanir fyrir atvinnurekstur landsmanna, þá virðist vaxtabréfaleiðin vart geta leitt til annars en að rikissjóðrinn verði að miklu leyti að sjá þessari nýju lánsstofnun fyrir hand-

synlegu fé með úþjum lántökum. Er þá hæpið, að náð verði nauðsynlegn takmarki nm ódýrt lánsfé, þar sem enn fremur verður að gera ráð fyrir nokkrn tapi í lánsstofnun sem þessari.

Við undirbúning frumvarps þessa hefir því verið reynt að finna leið til að afla ankans höfnðstóls, fremur en lánsfjár. Mætti þá fremur síðar, þá er höfnðstóll sjóðsins hefir ankizt að verulegum mun, gripa, ef fært þætti, til útgáfn vaxtabréfa samkv. sérstökum lögum, með því að þá mundi fremur mega vænta nokkurrar bréfasölu erlendis, er stofnnin hefði eignazt nokkurra milljóna höfnðstól og unnið sér álit.

Til ankningar höfnðstóls hefir eigi þótt hjá því verða komizt að leggja  $\frac{1}{4}$  % útflutningsgjald á sjávarafurðir til stuðnings og tryggingar þessari grein útgerðarinnar, smáskipaútveginum. Er þar farin samskonar leið og farin var á Alþingi 1925, með lögum nr. 17, 13. júní 1925, og lögum nr. 11, 29. maí s. á., um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, nm útflutningsgjald, til aukningar á höfnðstóli Ræktunarsjóðsins. Segja má að visn, að enn sé hér vegið i sama knérnun að hækka gjöld á sjávarútveginum. En þetta horfir allmikið öðrnvisi við, þegar verja á hinum anknu gjöldum beint til styrktar og atvinnuöryggis sjávarútvegsins sjálfs.

Gjald þetta getur og eigi talizt tilfinnanlega hátt, þótt það komi til viðbótar lögmaeltnm útflutningsgjöldnm.  $\frac{1}{4}$  % útflutningsgjald mun að jafnaði nema 25—30 anrum af skippundi fiskjar. Og þar sem lánsstofnninni er ætlað að styðja að því jafnframt að anka verðgildi fiskiafnrdanna með lánnum til iðjufyrirtækja, til betri hagnýtiugar þeirra, og til íshúsa og kæliháusa, þá má því fremur vænta þess, að gjald þetta verði eigi sjávarútveginum í heild sinni mjög tilfinnanlegt.

Gera verður ráð fyrir, að útfluttar sjávarafurðir nemi framvegis til jafnaðar eigi minni upphæð en 40 milljónum á ári, og mundi þá  $\frac{1}{4}$  % útflutningsgjald nema 100 þús. kr. árlega til jafnaðar. Vex höfnðstóllinn þá að vísu eigi mjög ört, en örnngt. Og þegar litið er á, hve mjög ör vöxtur i einni atvinnugrein getur truflað eðlilegan þroska þjóðlífsins og m. a. valðið öðrnun aðalatvinnuvegi landsmanna, landbúnaðinnm, allvernlegnm erfðleikum, þá verðnr og að telja þetta affarasælast.

Með þessu eina móti, að anka höfnðstólinn, en afla eigi viðskiptafjárins að mestu með vaxtabréfaútgáfn eða lántökum, virðist líklegt, að sjóðurinn geti þegar frá líður lánað út nægilegt fé til smáskipakaupa og útgerðar þeirra, með jafnlágnm vöxtnm og frumvarp þetta gerir ráð fyrir og gegn eigi örnngari tryggingnm en fært þykir að heimta fyrir slíkum lánnum.

## II.

Hversn mikils fjár sem hægt væri að afla sjóðnnm i npphafi, þá fær það þó eigi að notum komið til lengdar, ef eigi eru heimtaðar nokkurnvegin öruggar tryggingar fyrir lánunm. Verður því síðnr gengið framhjá þessu atriði, þar sem »sporin hræða«, eigi aðeins með vorri þjóð, heldur og hjá ýmsnm samskonar lánsstofnunum annara þjóða, t. d. fiskveiðabanka Noregs, sbr. nefndarálit þeirra



Georgs bankastjóra Ólafssonar, Kristjáns fiskifélagsforseta Bergssonar og Vigfúsar skrifstofnstjóra Einarssonar, dags. 31. jan. 1928.

En með því að þorri hinna smærri útvegsmanna hefir að jafnaði eigi miklar tryggingar fram að bjóða, nema þá, sem felst í atorku og dugnaði þeirra sjálfra, er hér reynt að teygja sig svo langt sem verða má í þessu atriði. Þar sem svo stendur á, að lánbeiddandi hefir eigi að bjóða gild veð fyrir láni sínu, þótt tiltækilegt gæti verið að veita honum eigi að síður lán, vegna persónulegs dugnaðar og hagsýni, þá liggur það í hlntarins eðli, að stjórn sjóðsins, er hefir aðsetur í Reykjavík, hefir ekki aðstöðu til þess að meta þetta mikilvæga atriði meðal viðskiptamanna úti um land. Og verður því að leggja það mat á herðar kunnugum trúnaðarmönnum. Þessu má haga á ýmsa vegu. T. d. með því að veita lánin rekstrarlánafélögum með samvinnusniði og solidariskri ábyrgð. Þar ættu menn að þekkja betur hver annan og hin sameiginlega ábyrgð að gera menn varkárari. En þar sem sú verður einatt reynslan, að þeir menn óttast sízt ábyrgðir, sem sjálfir eru á tæpn vaði efnalega, og þegar meiri hlnti félagsmanna stendur nokkrumveginn jafntæpt, þá knýja margvísleg félagsbönd og persónleg sambönd hina til, að ábyrgjast jafnvel meira en þeir eru menn til, þá þykir viðnrhlutamikið og jafnvel varhugavert að binda rekstrarlánastarfsemi sjóðsins að mestu við slík félög, meðan samvinnuhugsjónin hefir eigi náð meiri þroska í kanptúnum landsins og sjávarþorpnum.

Önnur leið til þess að tryggja hæfilegt mat á þeirri tryggingu, sem felst í hagsýni, dugnaði og öðrum persónlegum eiginleikum einstaklinganna, er sú, að sjóðnrinn láni bankaútibánum og tryggum sparisjóðnum hæfilegar fjárhæðir, er svara til útgerðarmagns smáskipa á hverjum stað, með þeim skilyrðum, að fénu sé eingöngu varið til rekstrarlána til bátaútgerðar eða til fiskimanna, er verka hlut sinn sjálfir og selja. Viða mun þessi leið reynast tryggari fyrir sjóðinn sjálfan og þá um leið fyrir þá, er hans eiga að njóta til frambúðar. Er hér því gert ráð fyrir, að sú leið verði farin, þar sem svo stendur á, að veita verður lán gegn öðrum tryggingum en gildu veði.

Er þetta í samræmi við starfsháttu annara samskonar stofnana, svo sem hinnar þýzku lánsstofnunar, er mun starfa eingöngu á þennau hátt.

### III.

Þar sem tilgangur lánsstofnunar þessarar er að styðja bátaútveginn og styrkja fiskimenn til þess að reka sjálfstæðan atvinnurekstur, þá þykir viðnrhlutamikið að svipta þá menn, er sérstaklega leggja starfsspol sitt og líf í hættu við þá atvinnugrein, þeim mikilvæga rétti, er þeir hafa haft til tryggingar kaupi sínu. Hefir ráðnneytið látið rannsaka það sérstaklega, hvaða tryggingar erlendur fiskimönnum væru veittar fyrir kaupum á smáskipum. Og hafa eigi fundizt þess nokkur dæmi með öðrum þjóðum, að fiskimenn hafi eigi lögveð í skipinn fyrir skilvísri greiðslu kaupgjalds. Og þar sem öllum öðrum siðmenntum þjóðum hefir þótt þetta ákvæði nauðsynlegt, þykir ekki tiltækilegt eða sanngjarnt að nema þetta ákvæði hér úr lögum. Tilgangur frumvarps þessa er að styðja hina smærri útvegsmenn, en þá virðist eigi viðeigandi, að þeir smærri menn, fiskimennirnir

sjálfir, séu sviptir löghelguðum rétti sínum. Hér er því lagt til, að sjóveðsréttur fiskimanna haldist óbreyttur. En til þess að smáskip, er ganga til fiskiveiða og eigi sigla til útlanda, geti samt sem áður verið nokkurnveginn viðnandi trygging fyrir lánum, er þeim, sem óska láns gegn veði í smáskipi, gert að skyldu að leggja þá skuldbindingu á skipið, að hásetar og aðrir skipsmenn skuli einungis ráðnir gegn hlut í afla, sbr. 6. gr. b-lið og 7. gr. frumvarpsins.

Er sjóveðsréttur fiskimanna þá eigi svo þung kvöð á því skipi, er eigi siglir til útlanda, að það geti eigi talizt viðnandi trygging fyrir láni, er eigi nemur yfir  $\frac{2}{3}$  virðingarverðs, þegar virðingin er framkvæmd af trúnaðarmönnum sjóðsins, sbr. ákvæði 9. gr. Skip, sem gerð eru út eingöngu til flutninga, fá þá að vísu eigi orðið veðhæf, en setja mætti í reglugerð þau ákvæði, að þar sem fiskiskip ganga til flutninga nm stundarsakir, komi hlutur í farmgjöldum, eða trygging í þeim, í stað hlutar í afla. Álitamál er, hvort opinber gjöld og björgunnarlaun eiga að ganga fyrir veðrétti sjóðsins. Ef opinber gjöld eru færð aftur fyrir veðrétt sjóðsins, verður að skoða það sem opinberan styrk eða þátttökn í tapi hans. Sama er og nm björgunnarlaun, því ríkisstjórnin mundi vart geta, vegna sóma landsins, skorazt undan að greiða björgunnarlaun, a. m. k. í snmum tilfelli, t. d. til erlendra skipa, er einstakir menn ættn. En þar sem hugsanlegt er, að veita megi á annan hátt fullnægjandi viðurkenningu fyrir björgun, þykir eigi rétt að leggja áherzlu á það atriði.

Við nndirbúning frumvarps þessa hefir verið reynt að hafa það í huga, að sjóðurinn gæti fyrst og fremst komið þeim mönnum að gagni, er stunda bátaútveg með skipum af hinni algengustu stærð, allt að 35 rúmlesta, og þeim, sem stofnsetja og reka iðjnfyrirtæki til hagnýtingar fiskafurðum, svo sem fiskúrgangi, lifur o. s. frv.

Að teygja verksvið svona sjóðs mikið út yfir þetta, þykir athugavert í byrjun. Því að þá er að óttast, að sjóðurinn fái ekki nema að örlitlu leyti fullnægt lánsþörfum þeirra, sem hann er *sérstaklega* ætlaður, svo þeim verði þar aðeins *sýnd* veiði, en ekki gefin. Þess vegna er lagt til, að lán til útgerðar og rekstrar fiskibáta séu bundin við 35 rúmlesta stærð, og lán til kaupa á fiskibátum allt að 35 rúmlesta gangi fyrir öðrum. Þó er gert ráð fyrir, að veita megi, ef fé er fyrir hendi, lán til kaupa á stærri skipum.

Bæði verður að ætla, að þeir hafi fleiri útvegu, sem ráðast í kaup á stærri skipum en 35 rúmlesta, og svo er það í samræmi við það, sem sagt hefir verið hér að framan um nauðsyn þess, að fiskimennirnir geti sem flestir orðið sjálfstæðir atvinnurekendur í sinni grein. En þeir munu að jafnaði byrja með hin smærri skip.

Að öðrn leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þar sem orðið »fiskir« merkir fiskiveiðar, þykir betur fara, að sjóðurinn nefnist annaðhvort »Fiskisjóður« eða Fiskveiðasjóður.

#### Um 2. gr.

Þykir nægja að vísa til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

#### Um 3. gr.

Naðsynlegt þykir að efla sem fyrst rekstrarlánadeildina, þar sem hún er svo smávaxin í byrjun. Er því lagt til, að tekjur Fiskveiðasjóðs af útfluttum sjávarafurðum, samkv. sérstökn frumvarpi nm fiskveiðasjóðsgjald, renni óskiptar til rekstrarlánadeildar þar til er höfnðstóll hennar nemur 4 milljónum króna, en skiptist síðan að jöfnu milli deilda sjóðsins

Eigi skiptir minnu, að bátaútvegurinn hafi nægilegt fé til útgerðarinnar, heldur en að keypt séu ný skip, og hefði því rekstrarlánadeildin þurft að vera þegar í upphafi a. m. k. jafnstór sem skipakanpadeildin. En þar sem lita verður á hag ríkissjóðs og eins á hitt, að bátaútvegsmenn eiga væntanlega hægra nm útvegum rekstrarfjár, er þeir geta fengið lán út á skip sín, þá hefir einnig í þessu efni orðið að sníða stakkinn eftir vexti.

#### Um 4. gr.

- a. Þar sem nm mjög takmarkað fé er að ræða fyrstu árin, þykir rétt að taka fram, að hin smærri skip, allt að 35 rúmlesta, skuli sitja fyrir lánveitingum, ef ekki er nægilegt fé fyrir hendi.
- b. Svo miklu skiptir, að sem mest verðmæti verði unnið úr sjávarafurðum, svo sem lifur og fiskúrgangi, og svo ómissandi skilyrði eru ishús fyrir útgerðina, að heppilegt virðist, að lán í þessu skyni verði a. m. k. á snmum stöðnum látnu sitja fyrir skipakaupalánum. En rétt þykir þó, að það sé á valdi sjóðstjórnarinnar í hvert sinn.

#### Um 5. gr.

Það þykir eigi óvarlegt að veita lán til kanpa á nýjum vel vönduðum bátum til allt að 12 ára, þegar tekið er tillit til ákvæða 9. og 13. greinar. Hinsvegar ber sjóðstjórninni að taka hæfilegt tillit til aldurs eða fyrninga skipanna.

Með hliðsjón af fjármagni þessarar deildar, þykir ekki fært að lána, fyrst nm sinn a. m. k., meira en 20 þús. kr. til eins lánþega, ef gera á sem flestum nokkra úrlansn. Hinsvegar þykir ekki rétt að bregða fæti fyrir félagssamtök fiskimanna, er vilja hafa skip sín undir sameiginlegri útgerðarstjórn, með því að telja slíkt félag sem einn lánþega.

Þótt æskilegt væri, að hægt væri að veita lán til iðjufyrirtækja allt að helmingi stofnkostnaðar, þá mun fjármagn sjóðsins vart leyfa riflegri lánveitingar en hér er gert ráð fyrir.

Að fært hefir þótt að gera ráð fyrir svo lágun vöxtum sem hér er gert, það jafnaði eigi yfir  $5\frac{1}{2}\%$ , stafar eingöngu af því, að sjóðnum er ætlað að myndast af beinum og óbeinum framlögnum af almannafé. Ef horfið væri að því ráði að afla lánsfjár til viðbótar með útgáfu vaxtabréfa, mundi vart unnt að gera ráð fyrir svo lágun vöxtum, þar sem á boðstólum eru a. m. k.  $6\frac{1}{2}\%$  vaxtabréf.

Um 6. gr.

Þykir mega vísa til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 7. gr.

Vanræksla lögskráningastjóra í þessu efni heyrir undir embættisvanrækslu og varðar því við hegningarlög.

Um 8. gr.

Því aðeins getur sjóðnrinn komið að liði til frambúðar, að honum haldið á fé sínu. Er hér því gert ráð fyrir, að lán úr rekstarlánadeild séu fyrst og fremst veðlán, þ. á. m. gegn sjálfsvörzlveði í hæfilega tryggðum fiskifeng, og verður það að teljast viðunandi veðtrygging, ef nú þau veðlán eru sett nánari fyriræmi í reglugerð sjóðsins, sbr. niðurlag 11. greinar.

En eins og tekið er fram í almennum athugasemdunum, þarf svo nán kynni til þess að veita lán gegn sjálfskuldarábyrgðum, vixlum og öðrum persónlegum tryggingum, að rétt þykir að fela stjórnun útibúanna og sparisjóðanna að hafa á hendi þær lánveitingar, þar sem vænta má, að þær stjórnir hafi að jafnaði þau kynni af lánþegnum, sem stjórn Fiskveiðasjóðsins hlýtur oft að vanta tilfinnanlega til þess að geta veitt slík lán.

Þegar fiskimeun sjálfir sýna það manndómsbragð að festa kaup í bát, gera hann út í félagi og stunda sjálfir fiski á honum, þá þykir rétt að styðja þá sjálfstæðis- og sjálfsbjargarviðleitni með því að veita þeim forgöngurétt fyrir rekstrarlánum, og má nú það efni vísa til þess, sem þegar er fram tekið í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Um 9.—13. gr.

Þykir eigi þurfa sérstakar skýringar.

Um 14. gr.

Ákvæði þessi miða flest að því að spara sjóðnum, og einnig lánþega, kostnað og vafninga við innheimtn, svo sem við málfærslu, fjárnám og við npp-boðshald, að svo miklu leyti sem hjá verður komið.

Um 15. gr.

Þar sem fyrir getur komið, að mönunum sjáist yfir auglýsingar um þessi efni, þykja þetta nauðsynleg ákvæði.

Um 16. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 17.—18. gr.

Á Alþingi 1929 var gert ráð fyrir því, að Landsbankinn hefði stjórn sjóðsins algerlega á hendi, og mun það hafa verið gert vegna sparnaðar. En þar sem stjórn svona stofnunar mun verða eugu vandaminni en stjórn ræktunar-

sjóðsins var, þykir vart verða hjá því komizt að hafa hér svipað fyrirkomnlag. Hinsvegar þykir nanðsynlegt að fela útibúum Landsbankans að hafa á hendi útlánsstarfsemina i hinum firnaí landsblutum, a. m. k. að því leyti sem sjóðstjórnin notar ekki heimild þá, er getur í 3. lið 8. greinar.

Á síðasta Alþingi kom fram tillaga um að fela Landbúnaðarbankanum stjórn sjóðsins, en af ýmsum ástæðum þykir ekki rétt að ráða til þess, að þeim stofnnum verði blandað saman.

Um 19.—22. gr.

Þykir ekki þurfa skýringar.